

## Heilbrigðisráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi: **Ríkisstjórn Íslands**  
Sendandi: **Heilbrigðisráðherra**  
Dagsetning: **19.10.2021**  
Málsnúmer: **HRN20030150**  
Bréfalykill: **06.50.01**  
Jafnréttismat: **Nei**

Efni: Sóttvarnaaðgerðir innanlands vegna COVID-19.

#### Tillögur sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra

Hjálagt fylgir minnisblað sóttvarnalæknis, dags. 18. október 2021, varðandi sóttvarnaaðgerðir innanlands vegna COVID-19. Í minnisblaðinu kemur meðal annars fram að frá 15. september hafi COVID-19 faraldurinn verið stöðugur og daglegur fjöldi smita verið 20–60 en síðustu daga hafi fjöldinn verið um 50–60. Sveiflur í daglegum fjölda skýrist að mestu leyti af breytilegum fjölda tekinnna sýna en þó séu vísbendingar um að smærri hópsýkingum sé að fjölga. Innlögnum á Landspítalann hafi fækkað undanfarið og hafi 18. október verið þrjár innliggjandi vegna COVID-19 og enginn á gjörgæsludeild. Í eftirliti á COVID-19 göngudeild voru um 500 einstaklingar, þar af um 200 börn. Tekið skal fram að frá því minnisblað sóttvarnalæknis barst voru uppfærðar tölur frá Landspítala og eru nú sjö manns innliggjandi með COVID-19 en enginn á gjörgæslu.

Þá bendir sóttvarnalæknir á að faraldurinn undanfarnar vikur sé um margt ólíkur fyrri bylgjum sem skýrist að verulegu leyti af útbreiddri bólusetningu gegn sjúkdómnum en einnig af meiri smithæfni delta afbrigðis veirunnar sem hafi valdið núverandi bylgju. Þá reifar sóttvarnalæknir helstu takmarkanir hér á landi og í nálægum löndum með hliðsjón af afleiðingum sjúkdómsins. Sóttvarnalæknir tilgreinir í minnisblaði sínu þrjá valkosti miðað við núverandi stöðu í sóttvarnaaðgerðum innanlands:

1. Full aflétting allra sóttvarnaaðgerða.
2. Aflétting sóttvarnaaðgerða að hluta, sem nánar er útlistuð í minnisblaðinu.
3. Óbreyttar sóttvarnaaðgerðir.

#### Frá temprun smita til afléttingar alla innanlandsaðgerða.

Í minnisblaði forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra til ríkisstjórnar, dags. 12. október 2021, var reifuð framkvæmd svokallaðrar temprunarleiðar og horfur framundan í faraldrinum. Þar kom meðal annars fram að leið temprunar, sem farin hefur verið í þessari bylgju faraldursins, ætti ekki að standa lengur en í takmarkaðan tíma nema alvarlegar breytingar yrðu á eðli faraldursins.

Þær ráðstafanir sem gripið var til 25. júlí 2021, meðal annars með 200 manna samkomutakmörkunum, 1 metra nálægðareglu, grímuskyldu og skertum opnunartíma veitingastaða, gáfust vel til að tempra útbreiðslu smita. Hægfara afléttingar þessara takmarkana hafa ekki enn valdið auknum innlögnum á spítala þótt fjöldi smita sé nokkuð stöðugur, eins og rakið er í minnisblaði sóttvarnalæknis. Stór hluti smitanna er meðal barna sem þurfa miklu síður á innlögnum að halda vegna COVID-19.

Þegar öllum takmörkunum var aflétt í sumar olli það mikilli aukningu í fjölda smita og miklu álagi á heilbrigðiskerfið, einkum Landspítalann. Frá þeim tíma hafa þó orðið þó nokkrar breytingar á bólusetningarstöðu á Íslandi; lengra er liðið frá fullbólusetningu, um 70% þeirra sem fengið höfðu einn skammt af bóluefni Janssen hafa fengið annan skammt með öðru bóluefni, aldursþópnum 12–15 ára var bætt við bólusetningaráætlunina og búið er að gefa viðkvæmstu hópum samfélagsins

örvunarskammt (þriðja skammt) af bóluefni. Þótt þetta dragi líklega úr útbreiðslu faraldursins og innlagnarfjölda frá því í sumar er að mati sóttvarnalækni líklegt að með algerum afléttingum takmarkana muni smitum og alvarlega veikum einstaklingum sem þurfa á spítalavist að halda fjölga.

Í 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 er heilbrigðisráðherra fengin heimild, að fenginni tillögu sóttvarnalækni, að grípa til opinberra sóttvarnaráðstafana innanlands, svo sem samkomubanns. Í lok ákvæðisins segir að slíkum ráðstöfunum skuli aflétta svo fljótt sem verða má. Í 3. mgr. 12. gr. segir enn fremur að ráðstöfunum skv. 2. mgr. skuli ekki beita nema brýn nauðsyn krefji til verndar heilsu og lífi manna. Við beitingu ráðstafana, sem og við afléttingu þeirra, skuli gæta meðalhófs og jafnræðis og taka tillit til annarra verndarhagsmuna, einkum þeirra sem njóta verndar stjórnarskrárinnar og mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að.

Líkt og fram kemur í frumvarpi því er varð að lögum nr. 2/2021, sem færði meðal annars framangreind ákvæði sóttvarnalaga til núverandi horfs, leiðir það af ákvæðum sóttvarnalaga og eðli máls að tillögur sóttvarnalækni til ráðherra eiga að byggjast á viðurkenndri lækni- og heilbrigðisfræðilegri þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Til að aðgerðir nái ávallt þeim árangri sem að er stefnt, og gangi ekki lengra en þörf er á, verður að gera þá kröfu að ávallt sé byggt á nýjustu þekkingu á þeim smitsjúkdómum sem við er að fást hverju sinni.

Af framanröktu má meðal annars leiða að ráðherra og sóttvarnaryfirvöldum sé að lögum skylt að leitast í sífellu við að aflétta gildandi sóttvarnaráðstöfunum í samræmi við þróun faraldursins og eftir atvikum breyttu hættumati eftir því sem ónæmi eflist í samfélaginu. Þetta gildir þrátt fyrir að aflétting allra takmarkana í sumar hafi haft áðurgreindar afleiðingar.

Að öllu framangreindu virtu, og með hliðsjón af minnisblaði sóttvarnalækni, dags. 18. október sl., hefur heilbrigðisráðherra ákveðið eftirfarandi:

1. Að sóttvarnaráðstöfunum innanlands verði aflétt að hluta frá og með 21. október nk. með eftirfarandi hætti:
  - a. Almennar fjöldatakmörkanir verði 2.000 manns í stað 500 manns.
  - b. Náandarregla verði óbreytt 1 metri, með sömu undantekningum og verið hafa.
  - c. Með notkun hraðprófa megi víkja frá hvort tveggja fjöldatakmarkunum og náandarreglu.
  - d. Grímuskylða verði aflétt að frátöldum sérstökum reglum á heilbrigðisstofnunum.
  - e. Skráningarskylda á viðburðum og veitingahúsum verður aflétt.
  - f. Opnunartími veitingastaða, þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar, verður lengdur um klukkustund, til kl. 01:00 og rýma þarf staði fyrir kl. 02:00.
  - g. Reglugerð þessa efnis gildi í fjórar vikur til og með 17. nóvember nk.
2. Að frá og með 18. nóvember nk. verði öllum samkomutakmörkunum innanlands aflétt, með fyrirvara um að faraldurinn þróist ekki verulega á verri veg, svo sem vegna mikillar aukningar í innlögnum á spítala vegna COVID-19 sem heilbrigðiskerfið ræður ekki við. Áfram verði sýnataka, einangrun, smitrakning og sóttkví en þessi atriði þó endurskoðuð í samráði við sóttvarnalækni.

### **Persónubundnar sóttvarnir og aukinn viðnámsþróttur í heilbrigðiskerfinu**

Fram hefur komið hjá sóttvarnalækni að til viðbótar við COVID-19 sýkingar í vetur megi búast við alvarlegum influensufaraldri og faraldri RS vírus meðal barna. Samhliða afléttingum opinberra sóttvarnaráðstafana innanlands muni heilbrigðisráðherra því fela sóttvarnalækni og eftir atvikum landlækni að gefa út leiðbeiningar og tilmæli um persónubundnar sóttvarnir sem hafa þurfi í huga í vetur til að vernda einstaklinga í áhættuhópum frá alvarlegum veikindum og heilbrigðiskerfið frá álagi sem þessum sýkingum fylgir. Sem dæmi má nefna að fólk með flensueinkenni mæti ekki til vinnu innan um aðra og börn ekki í leikskóla/skóla, hvatningu til að mæta í bólusetningu hvort sem er við COVID-19 eða influensu og fólk með börn undir fjögurra til sex mánaða aldri fái ekki

leikskólabörn á heimili sitt þegar RS vírus gengur yfir.

Þá mun heilbrigðisráðherra áfram vinna að auknum viðnámsþrótti í heilbrigðiskerfinu til að takast á við komandi vetur, eins og rakið var í minnisblaði forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra, dags. 12. október sl.

**Fylgiskjal:**

Minnisblað sóttvarnalæknis, dags. 18. október 2021.

Drög að reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

